



Reykjavík, 30. september 2011

## ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði föstudaginn 30. september 2011 um kæru Þórarins Más Þorbjörnssonar dags 23. september 2011 vegna skrifa Björns Guðgeirs Sigurðssonar á vefsíðu keila.is dags 14. september 2011 kl. 22:27 „Kúlurnar eru og voru löglegar“.

Í kjölfar kærunnar óskaði aganefnd í tölvupósti dags. 23. september 2011 eftir frekari upplýsingum frá Þórarni varðandi það hvort það væri eitthvað sérstakt í greininni sem hann teldi athugasvert. Einnig var hinum kærða, Birni Guðgeiri Sigurðssyni einnig gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri í tölvupósti dags. 24. september 2011. Aðilum málsins var veittur frestur til kl. 12:00 þriðjudaginn 27. september 2011 til að koma athugasemdum til skila. Björn óskaði eftir lengri tíma og var frestur framlengdur til kl. 16:00 miðvikudaginn 28. september 2011. Báðir aðilar málsins skiluðu inn athugasemdum innan þess tíma. Aganefnd tók málið síðan fyrir á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga.

Aganefnd telur að tímamörk varðandi 48 tíma eigi ekki við í þessu tilviki þar sem ekki er um að ræða brot á leikstað og því eigi 6. grein reglugerðar KLÍ við um í þessu máli.

Aganefnd telur að þrátt fyrir nokkrar rangfærslur í þessari tilteknu grein Björns Guðgeirs Sigurðssonar sé ekkert í skrifum hans sem fallið getur undir brot á íslenskri hegningarlöggjöf eða önnur brot alvarlegs eðlis. Um er að ræða persónuleg skrif á vefsíðu í einkaeigu og enginn nafngreindur í skrifunum. Niðurstaða aganefndar er því að vísa málinu frá.

### Úrskurðarorð

Aganefnd vísar frá kæru Þórarins Más Þorbjörnssonar vegna skrifa Björns Guðgeirs Sigurðssonar á vefsíðunni keila.is dags 14. september 2011 kl. 22:27 „Kúlurnar eru og voru löglegar“.

Sigríður Klemensdóttir  
Guðmundur Sigurðsson  
Bragi Már Bragason